

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Sudurmúlasýslu um endurgjald á sveitarstyrk. 35

21. febr.

Með brjefi amtmannsins yfir Norður- og Austuramtinu dags. 9. sept. f. á. hefur borizt hingað erindi frá hreppsnefnd Norðfjarðarhrepps dags. 23. júní f. á., þar sem hún áfrýjar til stjórnarráðsins úrskurði nefnds amtmanns dags. 21. marz s. á. um, að nefndur hreppur skuli endurgjalda Seyðisfjarðarkaupstað sveitarstyrki veitta Sigmundi nokkrum Jónssyni á árunum 1901—1903, að upphæð alls 785 kr. 44 a. Stjórnarráðið hefur síðan leitað frekari upplýsinga bæjarfógetans á Seyðisfirði um mál þetta, og eru málavextir, eptir þeim upplýsingum, er nú liggja fyrir, þessir:

Hinn 16. ágúst 1901 var kona Sigmundar þessa eptir tilmælum hjerads-læknisins á Seyðisfirði lögð inn á spítala kaupstaðarins eptir ráðstöfun fátækrafulltrúans úr bæjarstjórninni á ábyrgð bæjarsjóðs að því er kostnað af legu hennar þar snerti, og lá hún á spítalanum þangað til 7. okt. s. á.; þessa ráðstöfun fátækrafulltrúa samþykkti svo bæjarstjórnin á fundi sínum 19. ágúst og gerði jafnframt ráð fyrir, að Sigmundur mundi borga kostnað þann, er af þessari ráðstöfun leiddi, eða að öðrum kosti framfærsluhreppur hans, en í stað þess þá þegar að leita upp framfærslusveitina til þess að tilkynna henni þessa ráðstöfun, var beðið eptir því, að Sigmundur, sem þegar þetta gjörðist, var fjarverandi á fiskiskipi, kæmi heim, og þegar það svo reyndist, að hann gat ekki greitt kostnaðinn við spítalalegu konunnar, ákvað bæjarstjórnin á fundi sínum 11. okt. s. á. að krefja framfærslusveit Sigmundar um legukostnaðinn sem sveitarstyrk veittan honum. Var þá fyrst farið að grennslast eptir, hver væri framfærslusveit hans og þegar vissa þótti fengin fyrir því, að hann væri fæddur á Hólum í Norðfjarðarhreppi hinn 14. maí 1873 og hefði ekki unnið sjer sveit annarsstaðar, var hreppsnefnd tjeðs hrepps 31. desbr. 1901 krafín endurgjalds á styrknum. Kröfu þessari svaraði oddviti hreppsnefndar Norðfjarðarhrepps, sóknarpresturinn í Norðfjarðarprestakalli, á þá leið, að hann gæti ekki viðurkennt sveitfesti Sigmundar þessa þar í hreppi, þar sem kirkjubók prestakallsins bæri eigi með sjer, að nokkur maður með því nafni væri fæddur þar eða næstu ár fyrir og eptir. Eptir þetta var af bæjarfógetanum á Seyðisfirði tekið próf um æfi Sigmundar, og bar hann þá, að hann væri fæddur á fyrnefndum bæ 14. maí 1874 og skýrði meðal annars frá heitum foreldra sinna. Þegar oddvita Norðfjarðarhrepps bårust þessi próf, neitar hann að nokkur Sigmundur Jónsson sje eptir kirkjubókunum fæddur þar á árunum 1873 og 1874, en loks eptir að sýslumaðurinn í Sudurmúlasýslu hafði lagt fyrir hann að gefa vottorð samkvæmt kirkjubókunum um, hvort nokkur maður að nafni Sigmundur Jónsson væri fæddur í Norðfjarðarprestakalli á árunum 1870—1880, lýsir prestur því yfir, að maður að nafni Sigmundur Jónsson sje fæddur á Hólum í Norðfjarðarhreppi 14. maí 1875 og eptir að sýslumaður síðan hafði krafizt og fengið skirnarvottorð manns þessa og því bar saman við framburð Sig-

27. dag marzmánaðar 1905.

Reykjavík. — Ísafoldarprentsmiðja

35 mundar að því er foreldra hans snerti, úrskurðaði nefndur sýslumaður hinn 26. 21. febr. maí 1903 margumgetinn Sigmundur Jónsson sveitlægan í Norðfjarðarhreppi.

Meðan stóð á þessum brjefaskriptum um sveitfesti Sigmundar, varð hann á árinu 1902 aptur þurfandi styrks og varð bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar upp frá því og þangað til kona Sigmundar og 2 börn þeirra voru flutt sveitarflutningi til Norðfjarðar í júní 1903 að ala önn fyrir konunni, sem var löngum veik þann tíma og tvisvar lögð inn á spítala kaupstaðarins, og koma börnum þeirra fyrir og gefa með þeim, og þar að auki að borga útfararkostnað þriðja barnsins, sem dó á þessu tímabili; ennfremur borgaði bæjarstjórnin úr bæjarsjóði klæðnað handa Sigmundi í janúar 1903 nokkru áður en hann fór til fiskiveiða á þilskipi frá Seyðisfirði. Allur kostnaður, sem bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar hafði af Sigmundi og fjölskyldu hans á þessum árum hljóp 785 kr. 44 au., og hefur hún krafizt, að þessi upphæð væri endurgoldin sjer af Norðfjarðarhreppi.

Gegn endurgjaldskröfu þessari hefur hreppsnefnd Norðfjarðarhrepps hafð ýms mótmæli, að engin aðsjónargjörð hafi fram farið áður en styrkur var veittur, að hann hafi verið tilkynntur um seinan, að ýmsir liðir reikningsins sjeu ósanngjarnlega háir og að bæjarstjórnin hafi ekki gætt skyldu sinnar í því að gjöra ráðstafanir til þess, að vinnuarður Sigmundar þann tímann, er hann þáði úr bæjarsjóði, gengi eins og átt hefði til fjölskyldu hans.

Að því er snertir styrkveitinguna til Sigmundar árið 1901 verður endurgjaldskrafa Seyðisfjarðarkaupstaðar á henni ekki talin ólögmat fyrir þá sök að formleg aðsjónargerð liggur ekki fyrir, þar sem læknir hafði krafizt að kona Sigmundar væri lögð á spítalann og málsskjölin bera með sjer að sannarleg styrkspörf var. En það var skylda bæjarstjórnarinnar að láta eigi dragast að leita upp framfærslusveit Sigmundar, til þess að geta tilkynnt henni sem fyrst ráðstöfun sína um að taka að sjer ábyrgð á kostnaðinum út af spítalalegu konu hans, svo framarlega sem hún ætlaðist til að fá kostnaðinn endurgoldinn af framfærslusveitinni, ef Sigmundur gæti borgað, og þar sem bæjarstjórnin ljét þetta dragast svo lengi sem að framan segir, þykir ekki rjett að skylda Norðfjarðarhrepp til að endurgjalda Seyðisfjarðarkaupstað styrk hans til Sigmundar árið 1901, fyrir spítalalegu og læknishjálp frá 16. ágúst til 7. okt., að upphæð samtals 74 kr. 64 a.

Aptur á móti verða mótmæli hreppsnefndarinnar gegn styrkveitingunni til Sigmundar eptir að tilkynning um að hann var styrksþurfi á Seyðisfirði hafði borizt henni, ekki tekin til greina, bæði vegna þess annars vegar, að bæjarstjórn Seyðisfjarðar hefur gjört sennilegt, að ráðstafanir hennar á þessu tímabili hafi verið nauðsynlegar og að þær hafi orðið svo dýrar, eins og raun varð á, af því þær urðu að vera bráðabirgðaráðstafanir, þar sem búast mátti við, að sveitfesti Sigmundar yrði viðkurkennd þá og þegar af Norðfjarðarhreppi og heimsendingar krafist, og vegna þess hins vegar, að styrkveitingar Seyðisfjarðarkaupstaðar á nefndu tímabili stöfuðu af hinum langa drætti á viðurkenningunni á sveitfesti Sigmundar, sem oddviti Norðfjarðarhrepps var eingöngu orsök í, þar sem hann

ljét sjer, eins og á undan greinir, síður en svo annt um að upplýsa málið, sem þó var skylda hans sem oddvita, bæði gagnvart sínum eigin hreppi og sveitar- 21. febr. fjelagi því, sem veitt hafði Sigmundi styrk.

Á ummæli amtmanns í framannefndum úrskurði hans um móðgandi rit-hátt í brjefum oddvita Norðfjarðarhrepps í garð bæjarstjórnar Seyðisfjarðarkaupstaðar fellst stjórnarráðið algjörlega.

Samkvæmt því er að framan segir, úrskurðar stjórnarráðið hjer með, að Norðfjarðarhreppi beri að endurgjalda Seyðisfjarðarkaupstað sveitarstyrk veittan á árunum 1902 og 1903 Sigmundi Jónssyni með 710 kr. 80 a.

Þetta er yður, herra sýslumaður, til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar, og eruð þér um leið beðinn að sjá um, að upphæð þessi verði sem fyrst greidd Seyðisfjarðarkaupstað.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Húnavatnssýslu um sveit- 36 **festi þurfalinga.** 23. febr.

Með brjefi dags. 2. des. f. á. hafið þjer, herra sýslumaður, sent hingað erindi frá hreppsnefnd Engihlíðarhrepps, dags. 29. nóv. s. á., þar sem hún áfrýjar til stjórnarráðsins úrskurði amtmannsins yfir Norður- og Austuramtinu dags. 29. júlí f. á. að því leyti sem hann ákveður, að Magdalena nokkur Sveinsdóttir skuli teljast sveitlæg í tjeðum hreppi.

Mál þetta er risið út af því, að Magdalena þessi veiktist vorið 1901 og var þá tekin til umönnunar af hreppsnefndinni í Þverárhreppi, og er sannað, að Magdalena er fædd 23. des. 1883 á býli einu í landskíka, sem jörðin Holtastaðir í Engihlíðarhreppi á fyrir vestan ána Blöndu, og er hvorttveggja, landskikinn og býlið, nefnt Holtastadareitur; ennfremur er það sannað, að Magdalena hefur ekki unnið sjer neinsstaðar sveit. Ágreiningurinn veltur á því, hvort Holtastadareitur er í Engihlíðarhreppi eða Svínavatnshreppi. Amtmaður hefur úrskurðað, að með því að viðurkennt sje, að Holtastadareitur hafi frá ómuna tíð verið talinn heimaland Holtastada og því hljóti að hafa verið talinn með Holtastöðum, sem samkvæmt nýrri jarðabók fyrir Ísland, staðfestri með tífskipun 1. apríl 1861, eru allir taldir í Engihlíðarhreppi, þá beri að telja Holtastadareit eins og annað heimaland Holtastada í Engihlíðarhreppi og Magdalenu Sveinsdóttur því sveitlæga þar í hreppi.

Það verður nú að álíta, að það gjöri hvorki til nje frá í þessu máli, hvort hinn umræddi landskiki telst til heimalands Holtastada eða ekki, og hvort hann sje talinn með í hundradatali jarðar þessarar í nefndri jarðabók eða eigi; en þar sem það hins vegar er vist, að áin Blanda að öðru leyti hefur greint og greinir Engihlíðarhrepp og Svínavatnshrepp, verður að sanna það, að áin sje ekki hreppa-mót eins á því svæði, þar sem Holtastadareitur liggur, eins og annarsstaðar, en það hefur ekki tekizt í þessu máli að fá neinar sannanir fyrir því. Þvert á móti